Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps

**Fundargerð**

**Fundur nr. 271 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn mánudaginn 12. ágúst 2019 kl. 19:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.**
**Fundinn sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

## Dagskrá fundarins:

## I. Skipulagsmál:

1. **Reynir – Umsókn um byggingarleyfi.**
   Ólafur Steinar Björnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús við Reyni, aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

   *-Samþykkt samhljóða*

2. **Austurvegur 18 – Umsókn um stöðuleyfi.**
   Sigurður Elías Guðmundsson f.h. E.Guðmundsson ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir stýrishús við Austurveg 18 í Vík.

   *-Skipulagsnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis með fyrirvara um vandaðan frágang og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fylgja því eftir.*

3. **Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.**
   Lögð er fram til samþykktar breyting á deiliskipulagi á Norður-Fossi.
   Skipulagið var auglýst frá 21. maí 2019 til 2. júlí 2019, engar athugasemdir bárust en umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

   *-Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á deiliskipulag á Norður-Fossi, en felur eigendum jarðarinnar jafnframt að vera vakandi yfir því ef mögulegar jarðminjar koma upp við framkvæmdir, stöðva þær um leið og tilkynna hugsanlegan jarðminjafund til Minjastofnunnar.*

*Fundi slitið klukkan 19.35*

*Drífa Bjarnadóttir*

*Jónas Erlendsson*

| | |
|---|---|
| *Óðinn Gíslason* | *Kristján Þórðarson* |
| *George Frumuselu* | *Guðrún Hildur Kolbeins* |